

## Umhverfisstefna Landsvirkjunar

Landsvirkjun er í fararbroddi á sviði umhverfismála og stuðlar að sjálfbærri þróun í samfélaginu. Landsvirkjun leggur áherslu á að þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við aða draga úr þeim.

### Stefnumið

- Betri nýting auðlinda
- Kolefnishlutlaus starfsemi
- Starfsemi í sátt við náttúru og ásýnd
- Samtal við hagsmunaðila
- Starfsemi án umhverfisatvika

### Leiðir

- Betri nýting auðlinda
  - Hönnun nýrra virkjanakosta, breytingar á virkjunum og rekstur þeirra taki ávallt mið af sem bestri nýtingu auðlindanna.
  - Styðjast við alþjóðlega matslykilinn HSAP við þróun, hönnun og rekstur orkuvinnslunnar.
  - Nýta hugmyndfræði vistferilgreininga (LCA) til að bæta nýtingu auðlinda og draga úr umhverfisáhrifum.
  - Stunda vistvæn innkaup og gera kröfur til birgja og þjónustuaðila í umhverfismálum.
  - Flokka, endurnýta og/eða endurvinna úrgang.
- Kolefnishlutlaus starfsemi
  - Vinna markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna jafnframt að kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi.
  - Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og fylgja samgöngustefnu fyrirtækisins.
- Starfsemi í sátt við náttúru og ásýnd
  - Stuðla að viðhaldi náttúrlegs fjölbreytileika og lámarka rask.
  - Stuðla að endurheimt vistkerfa og fylgja verklagi fyrirtækisins um vistheimt ([VIN-0218](#)).
  - Fylgja stefnumiðum fyrirtækisins um landmótun og útlit mannvirkja við þróun og byggingu virkjana ([VIN-0215](#)).
- Samtal við hagsmunaðila
  - Vinna samkvæmt hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar m.a. með virku samtali og þátttöku í samstarfsverkefnum með hagsmunaðilum.
  - Stuðla að opinni og málefnanlegri umræðu og gera grein fyrir árangri fyrirtækisins í umhverfismálum.
- Starfsemi án umhverfisatvika
  - Starfa eftir vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001.
  - Skilgreina umhverfisþætti starfseminnar ([SKI-0114](#)), stýra þeim og vakta árangur.
  - Tryggja að öllum lagalegum kröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og setja strangari kröfur eftir því sem við á.
  - Vinna markvisst að forvörnum og umbótum, m.a. með rannsóknum, markmiðasetningu og með skráningum og úrvinnslu ábendinga.
  - Leggja áherslu á að starfsfólk fyrirtækisins og aðrir sem vinna fyrir það hafi yfir að ráða hæfni og þekkingu til að framfylgja umhverfisstefnu fyrirtækisins.